



Sörlaskjól / Faxaskjól

Yfirborð: Gras.

Stærð: ca handboltavöllur á lengd (milli marka) og breidd.

Girðing: um eins meters há girðing aftan við mörkin.

Mörk: Handboltamörk.

Umhverfi: Völlurinn er við fjöruna en góðri fjarlægð frá götum.

Svæði sem völlurinn þjónar: Sörlaskjól og Faxaskjól og líklega einnig Nesvegi.

Gönguleiðir að vellinum: Með gangstéttum við göturnar. Stígar liggja ekki að vellinum.

Pláss fyrir battavöll: Já.

Annað:

Úttekt maí 2021

Grasið hefur eitthvað verið lagað sl. ár en samt sem áður ekki vel hirt og ljótir blettir við mörkin. Mörkin í lagi þ.e. netin heil.



Faxaskjól / Ægisíða

Yfirborð: Gras.

Stærð: ca handboltavöllur á lengd (milli marka), breiddin jafnvel enn meiri. Svigrúm til að færa völlinn innan svæðisins.

Girðing: engin.

Mörk: Handboltamörk.

Umhverfi: Völlurinn er við fjöruna en góðri fjarlægð frá götum

Svæði sem völluminn þjónar: Faxaskjól, Sörlaskjól og Ægisíða.

Gönguleiðir að vellinum: Með gangstéttum við göturnar og strandstígnum. Umferð á Ægisíðu getur verið þung og hröð en aðstaða til að komast yfir götuna hefur batnað með nýjum þrengingum.

Pláss fyrir battavöll: Já.

Annað: Völlurinn er við brennustæði og þyrfti að taka mið af því ef battavöllur verður byggður þarna. Spurning hvort það verða áramóta- og prettándabrennur um ókomna tíð?

Úttekt maí 2021

Óbreyttur völlum, grasið samt verið lagað og leit nokkuð vel út miðað við oft áður. Mörkin í lagi



Starhagi

Yfirborð: Gras.

Stærð: ca handboltavöllur.

Girðing: um eins meters há girðing aftan við mörkin.

Mörk: Handboltamörk.

Umhverfi: Völlurinn er í jaðri byggðar og fjarri miklum umferðargötum.

Svæði sem völlurinn þjónar: Ægisíða og austurhluti Haganna. Gæti einnig þjónað stærra svæði vegna góðra stígatenginga við Skerjafjörð (syðri) og Skjólín.

Gönguleiðir að vellinum: Með gangstéttum við göturnar og strandstígnum.

Pláss fyrir battavöll: Já.

Annað:

Úttekt maí 2021

Sett gervigras fyrir framan mörk haustið 2013. Munar miklu, en hefði mátt eftir á að hyggja hafa það a.m.k. 8 metra í staðinn fyrir 6 metra frá marklínu. Einnig hefði gervigrasið mátt ná út fyrir stangirnar en ekki bara inn í markinu. Netin ónýtt og annað markið orðið fúið.



Skeljatangi / Skeljanes

Yfirborð: Gras.

Stærð: ca handboltavöllur.

Girðing: engin.

Mörk: Handboltamörk.

Umhverfi: Völlurinn er í jaðri byggðar og fjarri miklum umferðargötum.

Svæði sem völlurinn þjónar: Skerjafjörður.

Gönguleiðir að vellinum: Með gangstéttum við göturnar, strandstígnum og göngustíg þvert í gegnum byggðina frá Einarsnesi og að strandstígnum.

Pláss fyrir battavöll: Já, en gæti vakið viðbrögð íbúa við Skeljatanga og Skildingatanga vegna breytinga á útsýni.

Annað:

Úttekt maí 2021

Óbreyttur völlur, en grasið lítur ekki vel út og eins og á öðrum völlum ljótur fyrir framan mörkin. Mörkin sjálf orðin ansi lúinn.



Grímshagi / Lynghagi / Tómasarhagi

Yfirborð: Gras.

Stærð: ca. sparkvallarstærð.

Girðing: um 1½ meter á hæð aftan við vestara markið en grasbakki aftan við markið austan megin. Girðingar á lóðamörkum.

Mörk: Stór, þó ekki fótboldamörk í fullri stærð.

Umhverfi: Milli íbúðarlóða með háum trjám í görðum. Körfuboltavöllur og leiksvæði vestan við völinn.

Svæði sem völlurinn þjónar: Austur hluti Haganna, að hluta til sama svæði og völlurinn við Starhaga þjónar. Gæti þjónað litla Skerjafirði en þá þyrfti að bæta gönguleiðir yfir Suðurgötu.

Gönguleiðir að vellinum: Með gangstéttum við göturnar og stígum milli lóða.

Pláss fyrir battavöll: Já.

Annað:

Úttekt maí 2021

Frá síðustu úttekt er búið að skipta um efni á vellinum sjálfum og er komið gras í staðinn fyrir möl sem var þar áður. Grasið er ágætt en þeir sem til þekkja vita að það þarf að hugsa vel um það svo það virki vel og skemmist ekki á örfáum árum.



Hofsvallagata / Kvisthagi

Yfirborð: Gras.

Stærð: ca handboltavöllur.

Girðing: Girðingar á lóðamörkum.

Mörk: Handboltamörk.

Umhverfi: Milli íbúðarlóða með háum trjám í görðum.

Svæði sem völlurinn þjónar: Ægisíða, Hofsvallagata, Kvisthagi og Neshagi.

Gönguleiðir að vellinum: Með gangstéttum við göturnar og stígum frá Kvisthaga og Hofsvallagötu.

Pláss fyrir battavöll: Já.

Annað:

Úttekt maí 2021

Þessi völlur var í góðu standi þegar þetta var skoðað.



Hagaskóli

Yfirborð: Gervigras.

Stærð: ca handboltavöllur.

Girðing: Nokkuð há og góð girðing umhverfis völlinn

Mörk: Handboltamörk.

Umhverfi: Í suðausturhorni skólalóðar og við fjölbýlishúsalóðir.

Svæði sem völlurinn þjónar: Hagar.

Gönguleiðir að vellinum: Með gangstéttum við göturnar og stíg sem liggur frá Neshaga og austur fyrir Dunhaga. Hraðahindranir þar sem stígurinn þverar Fornhaga og Dunhaga.

Pláss fyrir battavöll: Já, en kannski er þessi völlur að þjóna því sem til er ætlast.

Annað: Lýsing frá ljósastaurum á lóð.

Úttekt maí 2021

Gervigras er komið á þennan völl frá síðustu úttekt. Völlurinn lítur vel út og væntanlega mikil bót að fá svona í staðinn fyrir malbikaðan völl sem var þarna áður.



Melaskóli

Yfirborð: Malbik og gervigras

Stærð: Fjórir mismunandi stórir handboltavellir.

Girðing: 2-3 metra há girðing að Neshaga, Hagamel og Hagatorgi.

Mörk: Handboltamörk.

Umhverfi: Skólalóð í miðju íbúðarhverfi.

Svæði sem völlurinn þjónar: Hagar.

Gönguleiðir að vellinum: Með gangstéttum við göturnar og stíg sem liggur frá Neshaga og austur fyrir Dunhaga. Hraðahindranir þar sem stígurinn þverar Neshaga, Fornhaga og Dunhaga.

Pláss fyrir battavöll: Já, en þetta var ákvörðun borgarinnar í samráði við íbúa að gera þennan völl svona. Battavöllur fékk mikla gagnrýni frá nokkrum íbúum í næsta nágrenni á sínum tíma og var því farið sú leið að setja ekki batta í kringum völlinn. Þess má geta að það var samþykkt á sínum tíma að meta hvort þörf væri á battavöllum í staðinn fyrir svona völlum ef ástæða þætti. Því miður hefur ekkert verið gert í því tæpum sjö árum síðar, þrátt fyrir ábendingar um að þörf væri fyrir því.

Annað:

Úttekt jan/feb 2021

Sett gervigrasvöll við skólann 2014, en engir battar sem íþróttakennari kvartaði yfir á sínum tíma, þar sem boltinn er alltaf út um allt. Net í mörkunum voru í góðu lagi.



Grandaskóli

Yfirborð: Gervigras

Stærð: Þrír litlir vellir.

Girðing: Há girðing umhverfis vellina.

Mörk: Handboltamörk.

Umhverfi: Skólalóð í miðju íbúðarhverfi.

Svæði sem völlurinn þjónar: Grandahverfi.

Gönguleiðir að vellinum: Með gangstéttum við göturnar og stíg sem liggur frá skólalóðinni og vestur að Eiðistorgi.

Úttekt jan/feb 2021

Frá síðustu úttekt frá 2015 er búið að setja þarna fína velli. Alveg til fyrirmyndar og vel frá þeim gengið. Maður veltir því samt fyrir sér af hverju voru ekki settar gúmmihellur eða eitthvað álíka mjúkt fyrir utan völinn sjálfan. Meiðsli geta verið ef einstaklingur dettur harkalega í hita leiksins á steinhellur.



Rekagrandi

Yfirborð: Malbik.

Stærð: ca handboltavöllur.

Girðing: 2-3 metra há girðing umhverfis völinn.

Mörk: Handboltamörk.

Umhverfi: Völlur í miðri íbúðarbyggð og við lóð Grandaskóla.

Svæði sem völlurinn þjónar: Grandahverfi.

Gönguleiðir að vellinum: Með gangstéttum við göturnar og stíg sem liggur frá lóð Grandaskóla og vestur að Eiðistorgi.

Pláss fyrir battavöll: Líklega en þarf að kanna betur. Engir möguleikar á stækkun vallarins.

Annað: Ólíklegt að lýsing frá ljósastaurum við göngustíg skipti máli.

Úttekt maí 2021
Óbreyttur völlur frá fyrri úttekt.



Skeljagrandi

Yfirborð: Gras.

Stærð: Líklega stærri en handboltavöllur.

Girðing: ca. 3 metra há girðing umhverfis völinn.

Mörk: Handboltamörk.

Umhverfi: Völlur í miðri íbúðarbyggð.

Svæði sem völlurinn þjónar: Grandahverfi og eflaust íbúðarhverfinu sunnan göngustígs sem er innan Seltjarnarness.

Gönguleiðir að völlum: Með gangstéttum við göturnar og stíg sem liggur frá lóð Grandaskóla og vestur að Eiðistorgi.

Pláss fyrir battavöll: Já.

Úttekt maí 2021

Óbreyttur völlum frá síðustu úttekt þ.e. hvað umhverfi og undirlag varðar. En eins og með þennan völlum sem og aðra sem eru með gras að þá er það ansi ljótt að sjá en kannski lagast það þegar nær lengra inni sumar.



Vesturbæjarskóli

Yfirborð: Malbik.

Stærð: Einhver stærð sem er óskiljanleg.

Girðing: Girðing að hluta til í kringum völinn.

Mörk: Handboltamörk.

Umhverfi: Í jaðri íbúðarbyggðar sem völlurinn þjónar.

Svæði sem völlurinn þjónar: Vesturbæ norðan Hringbrautar, a.m.k. hluta svæðisins. Óvíst með svæðið sunnan Hringbrautar.

Gönguleiðir að vellinum: Með gangstéttum við göturnar.

Pláss fyrir battavöll: Get ekki séð að svo sé.

Annað: Nýlega er búið að endurnýja skólalóðina þarna og var það alltaf inn í myndinni að setja þarna battavöll. Það er í raun óskiljanlegt að það hafi ekki verið gert og þessi völlur í raun stórhættulegur í alla staði. Vont umhverfi næst velli með ósléttum hellum sem geta skapað mikla hættu í hita leiksins. Eitthvað sem þarf að skoða alvarlega og fá svör við hvernig standi á því að svona völlur sé við skóla sem nýlega er búið að taka í gegn.

Úttekt maí 2021

Hér var fyrir breytingar á skólalóð mun betri malbikaður völlur en er í dag. Ég vil trúna því að þetta verði lagað því þetta er gjörsamlega óviðunandi eins og þetta er í dag.



Gamli Stýrimannaskólinn

Yfirborð: Gamalt gervigras.

Stærð: Lítill völlur en þjónar vel þeim börnum sem þarna eru.

Girðing: Í góðu lagi

Mörk: Handboltamörk.

Umhverfi: Íbúðarlóð og lóð Landakotsspítala. Leiksvæði á þeim hluta lóðarinnar sem er nær Öldugötu. Einnig leiksvæði á lóð spítalans.

Svæði sem völlurinn þjónar: Landakotshæðin norðanverð.

Gönguleiðir að vellinum: Með gangstéttum við göturnar.

Pláss fyrir battavöll: Líklega ekki.

Annað: Eini völlurinn á svæðinu norðan Túngötu. Fjarlægð (loftlína) milli vallarins og lóðar Vesturbæjarskóla er svipuð og frá KR-heimilinu og að Melaskóla. Óvíst hvort völlur á Landakots-túni gagnist börnum á þessu svæði vegna umferðarinnar á Túngötu.

Úttekt: maí 2021

Gervigras á vellinum, en er afar lítill og þjónar mjög fáum í Vesturbænum. En góður fyrir allara yngstu krakkana.



Reynimelur / Víðimelur / Kaplaskjólsvetur

Yfirborð: Gras.

Stærð: ca. handboltavöllur.

Girðing: um tveggja metra há girðing aftan við markið.

Mörk: Tvö handboltamörk

Umhverfi: Völlur í miðri íbúðarbyggð. Leiksvæði austan við völinn.

Svæði sem völlurinn þjónar: Hluta Melanna, Kaplaskjólsvégi og Meistaravöllum.

Gönguleiðir að vellinum: Með gangstéttum við göturnar.

Pláss fyrir battavöll: Kannski ekki þörf á því því það eru komnir vellir við skólana.

Annað:

Úttekt maí 2021

Gott svæði, mörkin góð en það var bætt við marki á þennan völl. Grasið er orðið ansi illa farið.

Landakotstún



Landakotstún

Yfirborð: Gras.

Stærð: ca. handboltavöllur.

Girðing: Engin

Mörk: Tvö handboltamörk

Umhverfi: Stórt tún sem klárlega væri hægt að nýta betur en það er gert í dag. En samt hefur orðið breyting á sl. ár.

Svæði sem völluminn þjónar: Svæði í kringum Landakotsskóla, en á þessu svæði er engin sparkvöllur í næsta nágrenni.

Pláss fyrir battavöll: Klárt mál að þarna væri hægt að setja battavöll en það eru kannski aðrir en borgin sem þurfa að taka ákvörðun um það.

Úttekt maí 2021